# Breyting á viðföngum með runukeyrslu

Aðgerðin „Flutningar“ gefur möguleika á runukeyrslu í FA Eignakerfinu, t.d. þegar nýtt viðfang tekur við af eldra og breyta þarf bókunarfærslum.




Huga þarf að flutningsdagsetningu. Í flestum tilfellum er um að ræða flutning sem á að taka gildi í upphafi árs. Huga þarf að nýjustu kaupdagsetningu eigna sem á að endurskilgreina, breyta þarf flutningsdagsetningu vegna eigna sem eru keyptar á árinu.

Skrá inn númer fyrningarbókar, flutningsdagsetningu og athugasemd.

Flytja frá - Skrá inn viðfang, fjárlaganúmer og fella út „0“ í svæðum og ýta á „Í lagi“. Ath. ef huga þarf að flutningi vídda þá þarf að skrá forsendur sem tilheyra víddum.



Fjársýslan

Flytja í – Skrá inn nýja viðfangið.

Með því að fara á milli svæða og fella út „0“ í svæðum þá tekur flutningur mið af því og speglar öll svæði fyrir utan viðfang sem á að breyta. Ýta á „Í lagi“.




Skrá staðsetningu, í flestum tilfellum er staðsetning sú sama. Vista þarf forsendur áður en ýtt er á „Forskoðun“.



Fjársýslan

Fyrsta umferð í keyrslu er forskoðun, þ.e. útbúið fjöldafærslunúmer 3721 í þessu tilfelli og tafla birtist í keyrslum sem er hægt að skoða áður en haldið er áfram.







Ýta á „Skoða úrtak“ í keyrslum. Forskoðun staðfestir breytingar.

```
ÍSLENSKA RÍKIÐ                                   Mass Transfers Preview Report                    Skýrsludagsetning:  23-OKT-2023 13:56
Fjöldafærslunúmer:  3721                                                                                  Blaðsíða:      1  af      1
Fyrningarbók:  2148
Flokkur:

Eignanúmer - Lýsing         Frá / Til    FH númer                                 Staðsetning                        Starfsmannanúme
--------------------------- ------------ ---------------------------------------- ---------------------------------- r
750520-3.stk. SOFT skilrúm á Frá         031011011601-03101-58101-0-0-0-0-0-0     03101|0
borð 140x65 (STS) - Hirzlan  Til         0310110101-03101-58101-0-0-0-0-0-0

750521-3.stk.                Frá         031011011601-03101-58101-0-0-0-0-0-0     03101|0
rafmagnskrifborð/ H2 (STS) - Til         0310110101-03101-58101-0-0-0-0-0-0

750529-6.stk. P90            Frá         031011011601-03101-58101-0-0-0-0-0-0     03101|0
skrifborðsstólar (STS) - Hir Til         0310110101-03101-58101-0-0-0-0-0-0
```

Fjársýslan

Næsta umferð er framkvæmd breytinga.  Punkta þarf niður fjöldafærslunúmer til öryggis til að kalla fram upplýsingar.

Hefðbundin aðferð við keyrslu er að ýta á F11 sem hreinsar svæði, skrá númer í reit fyrir fjöldafærslunúmer og ýta á Ctrl og F11.




Ctrl F11, nær fram fjöldafærslunúmer 3721 og útbýr keyrslunúmer sem kemur breytingafærslum áfram í FA eignakerfinu og skilar bókunum til GL fjárhags (bakfærir bókanir af gamla viðfanginu og bókar á það nýja).

Staðfesta framkvæmd keyrslu með því að ýta á „Keyra“.



Fjársýslan










Uppfærðir bókunarstrengir til staðar sem skila afskriftum inná nýtt viðfang í næstu fyrningarkeyrslu.